

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík

TPH/ls

9. desember 2020

Umsögn til Atvinnuveganefndar Alþingis

um frumvarp um breytingu á lögum nr. 98/2004, um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

RARIK gerir ekki athugasemdir við frumvarpið enda aðeins um eðlilega verðlagshækkun að ræða. RARIK fagnar jafnframt áformum um aukið framlag til verðjöfnunar á flutnings- og dreifikostnaði raforku á milli þéttbýlis og dreifbýlis.

RARIK rekur stærstu dreifiveitu landsins í dreifbýli. Gjaldskrá fyrirtækisins í dreifbýlinu hefur hækkað svipað og launavísitalan frá 2005, en talsvert umfram neysluvísitölu. Er sú hækkun að lang stærstum hluta vegna gríðarlegra fjárfestinga í dreifikerfi til sveita, en bundið fjármagn í því hefur hækkað úr tæpun 7 milljörðum í tæpa 27 milljarða á þessu tímabili. Enn er þó eftir að fjárfesta fyrir um 15 milljarða til að ljúka endurnýjun kerfisins alls. Ef unnið verður eftir núverandi áætlun um endurnýjun kerfisins mun að örfáum árum liðnum komast á jafnvægi milli endurnýjunar og afskrifta og ekki verða þörf á frekari hækkunum umfram verðlag.

Jöfnun á flutnings- og dreifikostnaði og þar með jöfnun rafmagnskostnaðar er mikið réttlætismál gagnvart íbúum landsbyggðarinnar. Það er mjög óeðlilegt að þeir beri einir þann kostnað sem felst í endurnýjun og styrkingu dreifikerfis raforku um dreifbýlið, ekki síst nú þegar ferðaþjónusta sem byggir á því að nýta innviði um allt land er orðin ein af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar. Á næstu árum mun raforkukerfið um land allt einnig þurfa í vaxandi mæli að útvega raforku fyrir ört stækkandi rafbílaflota og þannig verða grunnundirstaða undir samgöngur framtíðarinnar, til hagsbóta fyrir alla þjóðina en ekki bara íbúa dreifbýlisins.

Virðingarfyllst,



F.h. RARIK

Tryggvi Þ. Haraldsson, forstjóri